

Tollstjóri  
Snorri Olsen  
Tryggvagötu 19  
101 Reykjavík

Reykjavík, 8. febrúar 2016

### **Efni: Tjón fyrirtækja vegna seinangangs við eftirlit með förgun á áfengi**


Til Félags atvinnurekenda hafa leitað félagsmenn sem stunda framleiðslu og/eða innflutning á áfengi. Samkvæmt 6. grein laga um gjald af áfengi og tóbaki nr. 96/1995 ber að endurgreiða innflytjendum og framleiðendum áfengisgjald af áfengi sem er „fargað undir eftirliti tollyfirvalda.“ Ýmsar ástæður geta verið fyrir því að óseldu áfengi er fargað; varan getur verið útrunnin, umbúdir geta hafa skemmzt eða varan er óseljanleg af öðrum ástæðum.

Eins og orðalag lagagreinarinnar gefur til kynna fæst áfengisgjald ekki endurgreitt nema vörinni sé fargað undir eftirliti tollyfirvalda. Samkvæmt upplýsingum frá aðildarfyrirtækjunum er mikill misbrestur á því að embætti tollstjóra sjái sér fært að verða skjótt við beiðnum um að hafa eftirlit með förgun áfengis. Hefur manneklu verið borið við. Dráttur á því að orðið sé við beiðni um slíkt nemur oft og ídulega mörgum mánuðum og í sumum tilvikum nokkrum árum. Er undirrituðum þannig kunnugt um tilvik þar sem fjögur ár liðu frá því beiðni var send tollstjóraembættinu og þar til því varð við komið að hafa eftirlit með förgun áfengis.

Þessi seinangangur hefur í för með sér umtalsvert tjón fyrir fyrirtækin sem í hlut eiga. Fjárbinding vegna áfengisgjalda, sem ekki fást endurgreidd, getur numið milljónum króna. Þá getur geymslukostnaður hlaupið á hundruðum þúsunda og dæmi eru um að innflutningsfyrirtæki fái jafnframt sektir frá birgjum vegna þess að margnota umbúðum er ekki skilað.

Þetta er einkar bagalegt fyrir fyrirtækin, einkum vegna þess að mannekla hjá tollstjóraembættinu hefur ekki staðið innheimtu gjalda af þeim fyrir þrifum með sama hætti og endurgreiðslunum sem fyrirtækin eiga ótvíræðan rétt á samkvæmt lögum. Þess er hér með farið á leit að embættið leiti leiða til að uppfylla skyldur sínar lögum samkvæmt, virða málshraðareglur stjórnsýslulaga og afstýra frekara tjóni.

Virðingarfyllst,

  
Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA

Afrit: Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra